

inga af söluskattskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tíma-  
bila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri  
árum.

*Gjört í Reykjavík 16. maí 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 63/1961, um lögskráningu sjómanna.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

### 1. gr.

Í 6. lið 7. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 71/1962, komi nýr málslíður á eftir orðunum  
„umsömdum bótagreiðslum“, sem hljóði svo:

Reynist útgerðarfyrirtæki eigi fært um greiðslu slíkra bóta ber ríkissjóður  
fulla ábyrgð á greiðslu þeirra.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 16. maí 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Steingrímur Hermannsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda,  
sbr. lög nr. 35 1972, lög nr. 67 1974, lög nr. 3 1977 og  
lög nr. 64 1977, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

### 1. gr.

Í stað „20 ára“ í 1. mgr. 2. gr. laganna komi: 16 ára.

3. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er stjórn sjóðsins að taka í tölu sjóðfélaga launþega í landbúnaði.